

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 297/2023

2024/EES/42/51

frá 27. október 2023

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1562 frá 27. júlí 2023 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32023 D 1562:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/1562 frá 27. júlí 2023 (Stjtið. ESB L 190, 28.7.2023, bls. 13).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2023/1562, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 190, 28.7.2023, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.